

Í þessu skjali er að finna lykilupplýsingar fyrir fjárfesta um þennan sjóð. Ekki er um að ræða auglýsingarefni. Áskilið er með lögum að þessar upplýsingar séu birtar til að auðvelda fjárfestum að skilja eðli fjárfestinga í sjóðnum og þá áhættu sem fylgir þeim. Þér er ráðlagt að lesa upplýsingarnar svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú eigir að fjárfesta.

Eleva Absolute Return Europe Fund - Class A1 (EUR) acc.

(ISIN:LU1331971769) Eleva Absolute Return Europe Fund („sjóðurinn) er sjóðsdeild í Eleva UCITS Fund („félagið“)

Lemanik Asset Management S.A. er rekstrarfélag („rekstrarfélag“) félagsins.

Markmið og fjárfestingarstefna

- Sjóðurinn leitast við að ná ávöxtun með fastri viðmiðun til meðallangs tíma á grundvelli hækkunar á verðmæti eigna með því að fjárfesta aðallega í skráðum evrópskum hlutabréfum og hlutabréfatengdum verðbréfum, bæði á langtíma- og skammtímagrundvelli.
- Sjóðurinn mun leitast við að ná fjárfestingarmarkmiðinu með fjárfestingarstefnu sem byggir á skort- og gnóttstöðutöku eftir því hvernig markaðurinn þróast. Með þessari stefnu mun sjóðurinn fjárfesta eða taka bæði skort- og gnóttstöðu (með beinni erlendri fjárfestingu) aðallega í skráðum hlutabréfum og hlutabréfatengdum verðbréfum (sem m.a. kunna að vera breytanleg verðbréf, án þess að takmarkast við þau) og áskriftum hjá útgefendum verðbréfa við hvers kyns markaðsfjármögnun þeirra.
- Sjóðurinn mun ekki fjárfesta meira en 10% eigna sinna í rússneskum eða tyrkneskum hlutabréfum eða hlutabréfatengdum verðbréfum.
- Sjóðnum er ekki stýrt með hliðsjón af neinni viðmiðunarvísitölu.
- Sjóðurinn kann að nota fjármálaafleiður (samningar („FDIs“)) þar sem verð miðast við eina eða fleiri undirliggjandi eignir í því skyni að draga úr líkum á fjárhagslegu tapi eða til þess að

ná fram aukinni ávöxtun.

- Sjóðurinn kann að ráðast í verðbréfalánaviðskipti.
- Hlutdeildir í sjóðnum má selja á hvaða virka degi sem er.
- Þessi flokkur hlutdeildarskírteina er skráður í Euro og er ekki áhættuvarinn gegn evru.
- Ekki er fyrirhugað að greiða út arð af þessum flokki hlutdeildarskírteina. Tekjur af fjárfestingum sjóðsins eru endurfjárfestar og koma fram í virði þessa flokks hlutdeildarskírteina.
- Tilmæli: Þessi sjóður kann að vera óhentugur fjárfestum sem ætla sér að taka út fé sitt innan fimm ára.

Áhætta og ávöxtun

Mögulega lægri ávöxtun Mögulega meiri ávöxtun

← →

Minni áhætta Meiri áhætta

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

- Lægsti flokkur þýðir ekki að um sé að ræða áhættulausa fjárfestingu.
- Ekki er tekin ábyrgð á áhættu- og ávöxtunarlýsingunni og hún kann að breytast með tímanum.
- Þar sem upplýsingar um árangur þessa sjóðs liggja ekki fyrir til fimm ára aftur í tímann eru þær byggðar á markaðsveiflulíkani og veita ekki leiðsögn um framtíðaráhættu- og ávöxtunarflokk sjóðsins.
- Sjóðurinn hefur einkunnina 4 vegna þess að líkan um sögulegt virði hans hefur sýnt lítið flöktstig. Vegna eðlis fjárfestinga hans er hann hins vegar í berstöðu gagnvart áhættuþáttunum hér að neðan.
- Engin trygging getur verið fyrir því að sjóðnum takist ætlunarverk sitt að skila algildri ávöxtun.

Eftirfarandi áhættuþættir koma hugsanlega ekki að fullu fram í áhættu- og ávöxtunarlýsingunum.

- Stefnumiðuð (e. directional) áætlun um skortstöðu/gnóttstöðu:** Við framkvæmd stefnumiðaðrar áætlunar um skortstöðu/gnóttstöðu mun fjárfestingarstjórnin taka tiltekna afstöðu til markaðshneigða og þar með verður sjóðsdeildin viðkvæm fyrir flökti og óstöðugleika á hlutabréfamarkaðinum.
- Mótaðilaáhætta:** Ógjaldfæmi stofnana sem veita þjónustu svo sem á sviði eignavörslu, eða sem eru mótaðilar í afleiðusamningum eða öðrum samningum, kann að valda áhættu á fjárhagslegu tapi fyrir sjóðinn.
- Gengisáhætta:** Þar sem sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum í mörgum mismunandi myntum geta gengishreyfingar valdið því að virði

fjárfestinganna hækki eða lækki ef ekki er baktryggt.

- Afleiðuáhætta:** Virði afleiðusamninga getur risið og fallið hraðar en virði hlutabréfa og skuldaskjala. Tapið getur orðið umfram upphaflegu fjárfestinguna. Úr þessari áhættu er dregið með því að eiga fjölbreytt úrval fjármálagerna sem ekki eru afleiðusamningar.
- Hlutabréfaáhætta:** Sú áhætta að fjárfestingar falli í virði vegna hreyfinga á hlutabréfamarkaði.
- Markaðsáhætta:** Eignir sjóðsins kunna að rýrna vegna opinberra aðgerða og breytinga á stjórnmálasviðinu, sem geta einnig haft áhrif á frjáls viðskipti með gjaldmiðla. Að auki kann að koma upp áhætta vegna takmarkaðra möguleika á að nálgast upplýsingar og vegna slakara eftirlits og umsjónar með tilteknum mörkuðum. Árangur á þeim mörkuðum kann að vera háður verulegum sveiflum.
- Áhætta vegna gerviskortsölu:** Með gerviskortsölu (e. synthetic short sale) verðbréfs skapast hættu á ótakmarkaðri hækkun á markaðsverði verðbréfsins, sem getur leitt til þess að ógerlegt verði að mæta skortsölnunni og þar með getur tapið fræðilega orðið ótakmarkað. Gerviskortsala getur einnig valdið skuldsetningaráhættu fyrir sjóðsdeildina. Engin leið er að tryggja að verðbréfin sem þarf til þess að mæta skortstöðu verði tiltæk til kaups.

Heildarlýsing á áhættuþáttum er að finna í „Risk Factors Annex“ („Viðauka um áhættuþætti“) í útboðslýsingu félagsins.

Gjöld

Einskiptisgjöld sem greiðast áður eða eftir að þú fjárfestir	
Upphafsgjald	3,00%
Innlausnargjald	Ekkert
<i>Hundraðstalan gefur til kynna hámarkið sem kann að vera dregið affé þínu áður en fjárfest er eða áður en tekjur af fjárfestingu þinni eru greiddar út.</i>	
Viðvarandi gjöld	2,29%
Gjöld sem innheimt eru af hálfu sjóðsins við tiltekna aðstæður	
Árangursþóknun	20,00% af hvers kyns ávöxtun sem fæst af innra virði umfram hæsta viðmiðunargengi (e. high water mark).

Gjöldin sem þú greiðir renna til rekstrarútgjalda sjóðsins, þ. á m. kostnaðar af markaðssetningu og dreifingu. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Sýnd gjöld vegna inngöngu og útgöngu eru hámarksgjöld. Í sumum tilvikum kann þú að greiða minna. Vinsamlegast ræddu við fjármálaráðgjafa eða dreifingaraðila um hver hin raunverulegu gjöld verða.


Fjárhæð **viðvarandigjalda** er byggð á útgjöldum ársins sem lauk í desember 2018.

Þessi tala getur breyst frá ári til árs. Undanskilið:

- Árangursþóknunir.
- Viðskiptakostnaður eignasafns, nema í tilviki útgöngu-eða inngöngugjalda vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum verðbréfasjóðum.

Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum „Fees and Expenses“ („Gjöld og kostnaður“) í útboðslýsingu félagsins.

Fyrri ávöxtun



- Vinsamlegast athugið að fyrri ávöxtun gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun.
- Fyrri afkoma er reiknuð í Euro.
- Áhrif gjalda og þóknana á fyrri árangur eru reiknuð með, en upphafsgjöld eru undanskilin.
- Sjóðnum var hleypt af stokkunum 30. desember 2015. Flokkurinn varð virkur 26. janúar 2016.

Hagnýtar upplýsingar

- Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta gilda einungis um þennan flokk hlutdeildarskírteina. Aðrir hlutdeildarskírteinaflokkar eru tiltækir fyrir þennan sjóð eins og lýst er í útboðslýsingu félagsins.
- **Vörsluaðili:** Eignir sjóðsins eru í vörslu hjá Brown Brothers Harriman (Luxembourg) S.C.A. og eru þær aðskildar frá öðrum sjóðsdeildum félagsins. Ekki er heimilt að nota eignir sjóðsins til þess að greiða skuldir annarra sjóðsdeilda félagsins.
- **Aðgangur að frekari upplýsingum og verði:** Frekari upplýsingar um félagið (þar með talið gildandi útboðslýsing og nýjasta ársskýrsla) má nálgast á ensku, og upplýsingar um sjóðinn og aðra flokka hlutdeildarskírteina (þar með talið nýjustu verð hlutdeildarskírteina og þýðingar á þessu skjali) má nálgast án endurgjalds á www.elevacapital.com eða með skriflegri beiðni til rekstrarfélagsins, 106, route d'Arlon, L-8210 Mamer, Luxembourg, eða með tölvupósti á info@lemanik.lu.
- **Starfskjarastefna:** Pappírseintak af uppfærðri starfskjarastefnu rekstrarfélagsins, þ.m.t. lýsingu á því hvernig útreikningum launakjara og kaupauka er háttað, svo og hverjir annast ákvörðun launakjara og kaupauka, má nálgast án endurgjalds með skriflegri beiðni. Ítarlega lýsingu á stefnunni er einnig að finna á http://www.lemanigroup.com/management-company-service_substance_governance.cfm.
- **Skattlagning:** Félagið lýtur skattalögum í Lúxemborg, sem kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þína sem fjárfestis í sjóðnum.
- **Ábyrgð:** Lemanik Asset Management S.A. verður aðeins gert ábyrgt á grundvelli hvers kyns fullyrðingar í skjali þessu sem er villandi, röng eða ekki í samræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingarinnar fyrir félagið.
- **Sértækar upplýsingar:** Hægt er að skipta út hlutdeildarskírteinum innan sama flokks eða yfir í annan flokk að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Nánari upplýsingar er að finna undir fyrirsögninni „Switches“ („Útskipti“) í viðkomandi viðauka við útboðslýsingu félagsins.

Félagið og Lemanik Asset Management S.A. hafa starfsleyfi í Lúxemborg og sæta eftirliti fjármálaeftirlits Lúxemborgar (Commission de Surveillance du Secteur Financier).

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru réttar hinn 13. febrúar 2019.